

Starfsmannastefna Sælukots byggir á Ný- húanisma og þeim gildum sem Ný- húanismi stendur fyrir.

(Sjá starfmannahandbók).

Lögð er áhersla á góða hegðun í ný-húanískum skólum. Ný-húanískir kennarar sem stunda andlega iðkun kenna aðeins það sem þeir sjálfir hafa náð tökum á.

Við ættum alltaf að fyrirgefa fólki þótt það geri eitthvað á okkar hlut, en ef einhver gerir eitthvað sem skaðar samfélagið þarf hinn seki að bæta fyrir slíkt.

Við skulum reyna að vera víðsýn, þroska með okkur alheimslegt sjónarhorn því þá sjáum við hlutina í alheimslegu samhengi. Látum ekki smámál valda okkur hugarangri.

Allir þurfa að hafa stjórn á huga sínum og athöfnum. Annars er hætta á að stjórnlaus svölun langana ná yfirhöndinni. Þá völdum við bæði sjálfum okkur og öðrum erfiðleikum.

Ef maður er alltaf reiðubúinn að fórna öllu fyrir andlega samfæringu sína, þá styrkir það hugann og maður stendur óhagganlegur á traustum grunni. Mikilvægt er að aga sjálfan sig, t.d. til að hafa stjórn á matgræðgi þá þýðir ekki að ætla að hætta að borða. Betra er að reyna að hafa stjórn á græðginni, borða minna og sjaldnar, slíkt hjálpar manni til að þroska viljastyrk.

Hlýtt og glaðlegt viðmót er eftirsóknarvert. Vert er að reyna að halda því þótt eitthvað bjáti á jafnvel þegar maður á í miklum átökum við sjálfan sig. Ef við reynum á erfiðleikatímum að vera kát og glöð þá leysast erfiðleikarnir smám saman upp.

Siðferðislegt hugrekki öðlast menn með því að hafa skýran skilning á andlegri hugmyndafræði og með hollustu og lotningu fyrir hinni æðstu alheimslegu vitund. Þekking er ekki nægjanleg athafnir þurfa að fylgja á eftir.

Okkur hættir til að gagnrýna aðra þótt oftast sé einmitt það sem við gagnrýnum hjá öðrum okkar eigin lestir. Því er heillarád að spyrja sig hvort maður gefi sjálfur gott fordæmi áður en maður gagnrýnir eitthvað í fari annarra.

Til að forðast slæmar venjur þarf að vera vel á verði gegn mistökum. Betra er að viðurkenna mistök sín og fá þau leiðrétt en að hylma yfir þau. Ef við viðurkennum mistök okkar minnka líkur á að þau hendi okkur aftur.

Fólk sem hefur skoðanir eða aðhefst eitthvað sem er andstætt andlegum hugmyndum getur verið slæmur félagsskapur. Umgangast þarf slíkt fólk með skynsemi og ósveigjanlegri afstöðu þótt þeim sé sýnd samúð og kærleikur. Forðast skal of mikla málgefni. Orð þess sem talar lítið hafa meira gildi.

Skipulag er nauðsynlegt til að viðhalda þjóðfélagi. Halda þarf uppi reglum og aga svo fólk geti unnið saman. Vert er að hlýða þeim reglum um aga sem samfélagið krefst.

Allir þurfa að axla ábyrgð, við megum ekki gleyma ábyrgð okkar. Að gleyma ábyrgð sinni felur í sér niðurlægingu heildarinnar(Shraddananda, 1978).